

# Skólaráð Naustaskóla

5. fundur ársins 2015 þann 6. maí 2015

## Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Gísli Rúnar Magnússon, Vaka Óttarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Berglind Bergvinsdóttir, Valdís Jósavinsdóttir, Inga Vala Magnúsdóttir.

## Dagskrá og afgreiðslur:

### 1. Húsnæðismál skólans.

Tillaga um breytingu á húsnæðinu vegna framtíðarstaðsetninga leikskóladeilda, ásamt kostnaðaráætlun frá Fasteignum Akureyrar, hefur verið afgreidd frá skólanefnd en bæjarráð vísaði erindinu til skoðunar hjá stjórn FAK. Ekki ljóst hvað það þýðir en skýrist væntanlega á allra næstu dögum.

Rætt um skólalóðina. Skólaráð hefur þungar áhyggjur af stöðu mála hvað varðar skólalóðina, þar sem nothæfur hluti hennar er löngu orðinn allt of lítill miðað við fjölda nemenda í skólanum, nemendur kvarta yfir aðstöðuleysi og þrengslin setja sitt mark á frímínútur. Núverandi ástand á skólalóð hamlar því að nemendur geti hreyft sig nægjanlega í frímínútum en einnig skapast slysaþætta vegna þess að leikur barna færist á bílastæði sökum plássleysis. Í þessu sambandi má nefna að vegna þess að skólinn hefur ekki enn íþróttahús þarf að kenna íþróttir að hluta til utandyra allan veturinn og hluti þeirrar kennslu fer eðlilega fram á skólalóðinni. Þetta er erfitt vegna þrengsla, og þá ekki hvað síst þegar frímínútur eru hjá sumum nemendum meðan aðrir eru í útiþróttakennslu. Auk þess er ókláraður hluti lóðarinnar mikið lýti og til skammar fyrir skólann og bæjarfélagið. Það er því afar brýnt að framkvæmdum við fullnaðarfrágang lóðarinnar verði flýtt sem mögulegt er og væri til mikilla bóta ef einhver hluti hennar fengist kláraður í sumar, ennfremur með tilliti til breyttrar staðsetningar Frístundar skólans vegna fyrirhugaðra húsnæðisbreytinga, en þá þarf að færa Frístund frá núverandi leiksvæði.

Skólaráð telur ennfremur að ekki sé hægt að hafa áfram tvær leikskóladeildir í húsnæði Naustaskóla nema gengið sé frá bílastæðamálum við Hólmatún en núverandi ástand er óviðunandi.

Skólastjóra falið að koma framangreindum athugasemdum á framfæri við skólanefnd/bæjarráð fyrir hönd skólaráðs

### 2. Skipan starfsmannateyma.

Skólastjóri gerði grein fyrir fyrirhugaðri skipan kennsluteyma fyrir næsta vetur.

### 3. Ráðningar.

Helgi Valur Harðarson hefur verið ráðinn í stöðu smíðakennara. Ráða þarf tvo kennara að skólanum (í 2.-3. b og 4.-5.b. skv. núverandi plani), auglýsing er í birtingu og umsóknarfrestur til 12. maí. Þá verður staða námsráðgjafa auglýst á næstu dögum en Aníta mun snúa aftur til kennslustarfa.

Skólaráð mun verða haft með í ráðum við ráðningar eins og verið hefur.

Á vordögum þarf að auglýsa eftir 2-3 skólalíðum, ekki búið að endurskoða uppröðun með tilliti til breytinga á starfsmannahópnum og smávægilegrar aukningar á stöðuheimildum.

Allt bendir til að nemendur verði yfir 370 talsins næsta vetur og fer skólastjóri fram á aukna kennslukvótaúthlutun vegna þess. Ef aukning fæst er líklegt að auglýst verði eftir stuðningsfulltrúa og stöðugildi kennara aukin eftir atvikum.

### 4. Innkaup námsgagna.

Ákveðið að halda sama fyrirkomulagi og undanfarin ár við innkaup á námsgögnum fyrir nemendur.

### 5. Stundaskrá.

Stundaskrárrammi kynntur, í raun um litlar breytingar að ræða á skipulagi stundaskrár nema að inniþróttakennsla færist á þriðjudags- og fimmtudagsmorgna (í íþróttahús Glerárskóla) og hádegishlé unglíngastígs breytist örlítið til að draga úr álagi á síðari matartímann. Unnið er að úrvinnslu valgreina unglíngastígs og að því búnu ætti stundaskrá að geta verið tilbúin.

## **6. Niðurstöður starfsmannasamtala**

Kynntar helstu niðurstöður starfsmannasamtala. Yfirhöfuð eru þær jákvæðar og í samræmi við niðurstöður starfsmannakönnunar. Samantekt verður birt á heimasíðu með öðrum matsgögnum.

## **7. Matsvinna**

Hugmynd um að virkja skólaráð til að rýna í matsgögn í vor.

Fram kom ábending um að meta þurfi samræmi á milli settra námsmarkmiða sbr. Mentor og þeirra sem síðan birtast í áætlunum og námsmati.

## **8. Önnur mál.**

Vorhátíðin fer fram með svipuðu sniði og venjulega í vor, ábending um að rótera hlutverkum milli starfsmanna.

Næsti fundur áformaður í þarnæstu viku eftir að skólastjórnendur hafa náð að fara yfir umsóknir um kennarastöður. Skólastjóri mun þá boða til fundar.